

24. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 08.01.2008 kl. 20:30.

Mættir voru: Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Ingibjörg Baldursdóttir, Ingvar Þóroddsson, Sigfús Karlsson og Sædís Gunnarsdóttir.

1) Umferðaröryggi í hverfinu:

Farið var yfir fund sem fulltrúar úr hverfisnefnd (Ingibjörg og Sædís) áttu með stjórn foreldrafélags Lundarskóla í byrjun desember. Á þeim fundi voru viðraðar hugmyndir um að þessar nefndir tækju höndum saman í átaki er varðaði umferðaröryggi í hverfinu, sérstaklega barna á leið í og úr skóla. Gert var ráð fyrir samvinnu við fleiri aðila eins og Lundarskóla og lögregluna. Undirtektir voru jákvæðar og var ákveðið að hittast aftur og reyna að nálgast verkefnið betur.

Hverfisnefndin ákvað að halda áfram með það verkefni að fá styrktaraðila til að greiða fyrir góð endurskinsmerki á nemendur í fyrsta bekk og leggja til við stjórn foreldrafélagsins að stefna að átaki um umferðaröryggi í hverfinu næsta haust rétt eftir skólabyrjun. Sigfús tók að sér að tala við Margt smátt varðandi tilboð í endurskinsmerki.

Einnig var ákveðið að halda áfram með hraðakassaverkefnið en hugsa það sem langtímaverkefni. Sædís tók að sér að skrifa bréf til að senda hugsanlegum styrktaraðilum.

2) Vorhátíð:

Vorhátíð verður haldin lugardaginn 17. maí. Hverfisnefnd, foreldrafélag Lundarskóla og Lundarskóli munu standa saman að henni og leita eftir samvinnu við umhverfisdeild Akureyrarbæjar og leikskólana. Bryndís tók að sér að hafa samband við leikskólastjóra í hverfinu og foreldrafélög leikskólanna.

Ákveðið var að boða til fundar til undirbúnings hverfishátíð með fulltrúum þessara hópa þriðjudaginn 22.janúar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 21:30.

Ritari Ingibjörg.